

Nd.

31. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Flm.: Pálmi Hannesson, Jón Pálmason, Stefán Stefánsson, Skúli Guðmundsson, Steingrímur Steinþórsson, Gísli Guðmundsson, Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Fyrsta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Innan íslenzkrar landhelgi, á svæðinu frá Geirólfsgnúpi á Ströndum austur um land að Bjarnarey norður af Héraðsflóa, skulu veiðar með dragnótum bannaðar á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní og frá 1. september til 31. desember ár hvert, og á svæðinu frá Bjarnarey sunnan um land að Geirólfsgnúpi frá 1. janúar til 15. maí og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar allt árið.

Heimilt er sýslunefnd eða bæjarstjórn, með samþykkt, er birta skal í Lögbirtingablaðinu, að banna með öllu dragnótaveiðar innan afmarkaðra, löggiltra hafnar-svæða í viðkomandi héraði.

2. gr.

Á eftir orðunum „möskvastærð dragnóta“ í 8. gr. laganna bætist: lengd dráttarlína.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26 12. febrúar 1940, um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta reglulegu Alþingi fluttu þm. þeir úr Norðlendingafjórðungi, sem sæti áttu í Nd., frv. um sama efni og þetta. Var þar ákveðið að banna dragnótaveiðar í íslenzkri landhelgi á tímabilinu frá 1. september til 1. júní. En við meðferð málsins var því mjög haldið upp, að slíkt bann mundi ganga nærri hagsmunum útgerðarmanna á Austurlandi og Vestfjörðum, einkum fyrir þá sök, að þar hefur tundurduflum verið lagt úti á djúpmiðum. Með tilliti til þessa er því í þessu frv. látið að mestu sitja við sama og verið hefur um dragnótaveiði fyrir öðrum landshlutum en Norðurlandi, og er það von flutningsmanna, að nú muni frv. ná fram að ganga, er þessir agnúar hafa verið af því sorfnir.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frv. því, er flutt var um þetta efni á síðasta reglulegu þingi og áður getur.